

EFTIRLITSSKÝRSLA

UOS-3282

Rekstraraðili Terra umhverfispjónusta hf. kt: 4102830349	Tegund starfsemi Úrgangur og efnamóttaka	Starfsleyfisnúmer: UST-2024-L007-01 Gildistími starfsleyfis 24. apríl 2040
Starfsstöð Berghella 1 Hafnarfjörður	Tegund eftirlits Reglubundið eftirlit	Dagsetning eftirlits 20. maí 2026
Starfstöðvarnúmer: 0016	Eftirlitsmaður Kjartan Guðmundsson	Útgáfudagur skýrslu 22. júní 2026

Tengiliðir

Tengiliður	Titill
Ingvar Vigur Halldórsson	Rekstrarstjóri Terra Hafnarfirði - Efnamóttöka
Jón H. Steingrímsson	Ráðgjafi - úrgangsstraumar og afsetningar
Rakel Bærings Halldórsdóttir	Sérfræðingur í umhverfismálum

Niðurstaða eftirlits

Við eftirlit komu fram fjögur ný frávik. Eitt frávik er varðar tilkynningu á breyttum tengiliðaupplýsingum og þrjú frávik er varða ófullnægjandi eftirlitsmælingar. Eitt eldra frávik vegna förgunar á frostlegi er opið. Tveimur af fimm opnum frávikum var lokað í kjölfar eftirlits.

Umfang eftirlits

Reglubundið eftirlit með vettvangsheimsókn fór fram hjá rekstraraðila þann 20. maí 2026. Umfang eftirlits var eftirfarandi:

1. Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti - Förgun frostlagar og úrbótaáætlun
2. Uppfærðar tengiliðaupplýsingar og upplýsingar vegna olíuskilja
3. Breyting á starfsleyfi og umfang starfseminnar (gr. 1.2)
4. Umhverfisupplýsingar (gr. 4.4) og eftirlitsmælingar (gr. 4.2)
5. Hlutleysing og eiming efna (gr. 1.2 og 3.11)
6. Annað / Skoðun á vettvangi

1. Þann 5. mars 2026 fór fram umsýslueftirlit án vettvangsheimsóknar. Í því eftirliti var sett frávik vegna förgunar á vatnsblönduðum frostlegi á starfsstöð Terra á Berghellu. Rekstraraðili lagði fram úrbótaáætlun þann 1. apríl 2026 þar sem kom fram að vatnsblönduðum leysiefnum verði framvegis safnað í sér flokk og honum verði ráðstafað til Kólku í brennslu. Rekstraraðili var beðinn um að framvísa kvittunum frá Kólku þessu til staðfestingar. Ekki tókst að loka frávikinu í eftirlitinu þar sem rekstraraðili hefur ekki safnað nóg af efnum og því ekki enn sent neitt til brennslu.

2. Rekstraraðili hafði ekki tilkynnt Umhverfis- og orkustofnun um breytingar á tengilið og er því sett frávik frá grein 2.2 í starfsleyfi. Ingvar Vígur Halldórsson hefur tekið við sem tengiliður og voru upplýsingar um tengilið uppfærðar í eftirlitinu og fráviki lokað. Rekstraraðili hefur skilað upplýsingum um olíuskiljur á starfsstöðinni sem óskað var eftir fyrir á árinu.

3. Rekstraraðila var tilkynnt að Umhverfis- og orkustofnun áætli að gera smávægilegar breytingar á starfsleyfi rekstraraðila.

4. Rekstraraðili skilaði umhverfisupplýsingum þann 28. apríl 2026. Sérstök áhersla í eftirlitinu var lögð á framkvæmd og skil á eftirlitsmælingum sbr. grein 4.2.

Samkvæmt gr. 4.2 í starfsleyfi ber rekstraraðila að:

1. Vakta samsetningu frárennslisvatns með því að taka sýni úr úttaki olíuskilju einu sinni á ári fyrir 1. október ár hvert.
2. Vakta samsetningu frárennslisvatns með því að taka sýni úr söfnunarþróum fyrir hverja tæmingu (ef grunur leikur á að spilliefni hafi borist í söfnunarþró).

Rekstraraðili framkvæmdi eina mælingu árið 2025, og skilaði niðurstöðum þeirrar mælingar til Umhverfis- og orkustofnunar þann 15. desember 2025. Sett eru þrjú frávik frá gr. 4.2 í starfsleyfi vegna ófullnægjandi mælinga. Eitt frávik er sett vegna þess að mælingar voru ekki framkvæmdar á réttum tíma. Því fráviki er lokað vegna þess að rekstraraðili hefur sýnt fram á að hann hyggist taka málin fastari tókum, m.a. með ráðningu sérfræðings í umhverfismálum sem mun halda utan um eftirlitsmælingar og skil á gögnum til Umhverfis- og orkustofnunar. Rekstraraðili hefur unnið að úrbótum á þessum málum upp á síðkastið og hyggst tryggja að gögnum verði skilað á réttum tíma, m.a. með notkun á verkefnastjórnunarforriti.

Annað frávik er sett vegna þess að mælingar voru ófullnægjandi og ekki í takt við starfsleyfi. 13 mælipætti vantaði í mælingar og sýni voru tekin úr söfnunarþró en ekki úttaki olíuskilju eins og starfsleyfið kveður á um. Að lokum er sett frávik vegna ófullnægjandi mælinga á innihaldi söfnunarþróa. Rekstraraðili hefur skilað gögnum þar sem kemur fram að stærri söfnunarþróin hafi verið tæmd 80 sinnum og að minni söfnunarþróin hafi verið tæmd 56 sinnum yfir rekstrarárið 2025. Við eftirlitið var aðstaðan skoðuð og kom í ljós að kör undan spilliefnum eru reglulega skoluð á svæðinu. Frárennslið frá skolunaraðstöðunni rennur um sandfang og olíuskilju áður en það endar í söfnunarþró.

5. Rætt var um hlutleysingu og eimingu efna. Rekstraraðili upplýsti um verklag við hlutleysingu á sýru. Einnig var rætt um eimingu efna en samkvæmt starfsleyfi er hún heimil. Eiming hefur ekki verið stunduð um árabíl og stendur ekki til að hefja hana að nýju.

6. Gengið var um athafnasvæði rekstraraðila innanhúss og utanhúss. Frárenniskerfi var skoðað sérstaklega. Svæðið er afgirt og læst utan opnunartíma.

Staða Frávika

Frávik frá	Lýsing á fráviki	Staða á fráviki
gr. 1.2 í starfsleyfi	Frávikið var skráð: 5. mars 2026 Allur atvinnurekstur sbr. viðauka I, II og IV, skal hafa gilt starfsleyfi sem Umhverfis- og orkustofnun eða heilbrigðistnefndir gefa út, sbr þó 7. gr. a og 8. gr í lögum 7/1998 um mengunarnir og hollustuhætti. <i>Förgun úrgangs á athafnasvæði rekstraraðila er bönnuð. Rekstraraðili losar vatnsblandaðan frostlög í fráveitukerfi á starfsstöð sinni að Berghellu 1, 220 Hafnarfirði</i>	Opið
gr. 4.2 í starfsleyfi	Frávikið var skráð: 20. maí 2026 Mælingar eða útreikningar á mengunarefnum ekki fullnægjandi. <i>Rekstraraðili skal vakta frárennslisvatn samkvæmt mæliáætlun í starfsleyfi. Mælingar 2025 voru ekki fullnægjandi. Taka skal sýni úr úttaki olíuskilju og niðurstöður vantar vegna rennslis, hitastigs, selens (Se), títans (Ti), baríums (Ba), beryllíums (Be), bórs (B), úrans (U), vanadíums (V), kóbalts (Co), þallíums (Tl), tellúrs (Te) og silfurs (Ag).</i>	Opið

<p>gr 4.2 í starfsleyfi</p>	<p>Frávikið var skráð: 20. maí 2026</p> <p>Mælingar eða útreikningar á mengunarefnum ekki fullnægjandi</p> <p><i>Rekstraraðili skal vakta innihald söfnunarþróa fyrir hverja tæmingu ef grunur leikur á að spilliefni hafi borist í söfnunarþró. Við eftirlit 20. maí 2026 kom í ljós að spilliefni berast reglulega í söfnunarþró án þess að innihald söfnunarþróa hafi verið mælt.</i></p>	<p>Opið</p>
<p>gr. 4.2 í starfsleyfi</p>	<p>Frávikið var skráð: 20. maí 2026</p> <p>Mælingar eða útreikningar á mengunarefnum ekki fullnægjandi</p> <p><i>Rekstraraðili skal framkvæma vöktunarmælingar einu sinni á ári fyrir 1. okt ár hvert. Rekstraraðili framkvæmdi mælingar 27. október 2025.</i></p>	<p>Lokað</p>
<p>gr. 2.2. í starfsleyfi</p>	<p>Frávikið var skráð: 20. maí 2026</p> <p>Tilkynna skal Umhverfis- og orkustofnun ef breyting verður á tengilið og/eða tengiliðaupplýsingum</p> <p><i>Ekki var tilkynnt um breytingar á tengilið við stofnunina. Rekstraraðili uppfærði upplýsingar um tengilið þann 20. maí 2026.</i></p>	<p>Lokað</p>

Lagagrunnur eftirlits

Eftirlit Umhverfis- og orkustofnunar er framkvæmt með vísan til 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Að loknu eftirliti eru gefin út drög að eftirlitsskýrslu og hefur rekstraraðili tvær vikur frá birtingu þeirra til að koma á framfæri athugasendum. Að þeim fresti liðnum er gefin út lokaskýrsla.

Rekstraraðili hefur þrjár vikur frá dagsetningu lokaskýrslu til að skila inn úrbótaáætlun, sbr. 58. gr. reglugerðar nr. 550/2018.

Athygli er vakin á heimild Umhverfis- og orkustofnunar til beitingar þvingunarúrræða skv. 61. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, sbr. einni XVII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Umhverfis- og orkustofnun innheimtir gjald fyrir vinnu sérfræðings vegna eftirfylgni eftirlits og beitingar þvingunarúrræða, sbr. 22. gr., sbr. og 1. gr. gjaldskrár nr. 1033/2025.